

# Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 2. tbl. 15. árg. maí 2021

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

## Skólaslit 2021

Í annað sinn verða skólaslit með óhefðbundnu sniði vegna samkomutakmarkanna. Líkt og í fyrra verða **skólaslit hjá 1. – 9. bekk í heimastofu hvers nemanda kl. 13:00-14:00 miðvikudaginn 2. júní**. Kennarar munu eiga notalega stund með bekknum þar sem farið verður yfir markmið vetrarins, einkunnir afhentar og ýmislegt gert til hátíðarbrigða. Skólaakstur verður úr sveitum á skólaslitin þar sem ekki er gert ráð fyrir foreldrum.

## Skólaslit hjá 10. bekk kl. 17:00 í Hafnarkirkju 2. júní

Skólaslitin hjá 10. bekk verða sérstaklega hátíðlega þar sem árgangurinn er að yfirgefa skólann. Skólaslitin verða í Hafnarkirkju kl. 17:00 og eru foreldrar og nánustu aðstandendur velkomnir og hvattir til að mæta. Það er hátíðleg stund fyrir nemendur þegar þeir ljúka 10 ára skyldunámi, einum af lengstu áföngum sem hver einstaklingur tekur sér fyrir hendur. Strax að skólaslitum loknum verður hátíðarkvöldverður á Hótel Höfn með árganginum, foreldrum og starfsmönnum þar sem nemendur kynna lokaverkefni sín.



## Njótum sumarsins

Starfsfólk skólans óskar nemendum og foreldrum góðs sumars og þakkar fyrir ánægjulegt samstarf í vetur. Megi góða veðrið leika við okkur í sumar og vonandi verða samkomutakmarkanir og aðrar hindranir vegna Covid-19 úr sögunni næsta vetur.

## Óskilamunir

Hægt verður að nálgast óskilamuni í anddyri Hafnar- og Heppuskóla milli 13:00 og 16:00 2. júní og í anddyri Heppuskóla 3. og 4. júní kl. 8:00 -16:00

# Niðurstöður SVÓT greiningar

Þann 18. maí síðastliðinn var almennur foreldrafundur á vegum skólaráðs og fræðslunefndar. Á fundinum var farið í SVÓT greiningu með það að markmiði að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri í skólastarfinu. Fjölmargar hugmyndir komu fram sem nýttar verða í stefnumörkun og áframhaldandi vinnu. Hér verða taldir upp þau 5 atriði sem fengu flest stig í hverjum málaflokk en niðurstöður fundarins í heild eru á heimasíðu skólans

<https://gs.hornafjordur.is/media/annad/9.-Almennur-foreldrafundur.pdf>

## Styrkleikar –

Allt svæðið, Sindrabær, Báran, miðsvæðið, íþróttahúsið og Vöruhús.  
Nemendur þátttakendur í ákvörðunum, nemendaþing og humyndaráð.  
Nánd sem getur verið plús og mínus og persónulegt umhverfi.  
Tómstundir og tónskóli tvinnað saman við grunnskóla.  
Menntunarstig kennara.

## Veikleikar

Talsmáti nemenda, munnsöfnuður og tungumál.  
Skólasálfræðingur ekki á staðnum.  
Kynjahlutfall kennara.  
Kátakot, húsnæði. Meira skipulagt starf.  
Vondur matur, ekki nægur matur.



## Ógnanir

Ljót orðanotkun, karlremba, klámvæðing.  
Markaðssetning á orkudrykkjum og lyft.  
Íþróttamannvirki halda ekki í takt við þarfir og væntingar.  
Vantar fleiri karlmenn sem kennara og starfsfólk. Ógn að missa fagmenntað fólk ef þeim býðst betri tækifæri annars staðar.  
Hreyfingarleysi og kjaftagangur var jafnt í 5. sæti.

## Tækifæri

Skapandi greinar.  
Betri húsakost, Hafnarskóli, lengd viðvera, félagsmiðstöð, íþróttahús.  
Hreyfing.  
Hollara og hreinna /óunnið mataræði.  
Hæglæti.

